



## Stefna á sviði velferðartækni

Velferðartækni er sérstakt áherslusvið hjá velferðarráði Akureyrarbæjar. Í því felst að öll starfsemi á vegum velferðarráðs skuli vera framsækin og leiðandi á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu.

Nýsköpun og tækni eru lykilþættir við þróun þjónustunnar og til að ná enn frekari árangri í velferðarþjónustunni. Velferðartækni getur aukið aðgengi, lífsgæði, öryggi og sjálfsbjörg íbúanna og notenda þjónustu hjá Akureyrarbæ. Velferðartækni er því talin ein vænlegasta leiðin til að takast á við þær breytingar sem samfélagið stendur frammi fyrir.

Það verði gert með því að efla nýsköpun, þróun og notkun tæknilegra lausna í velferðarþjónustunni. Velferðarráð Akureyrarbæjar vill með því viðhalda og efla frumkvæðishlutverk á sviði velferðartækni meðal sveitarfélaga.

### Sýn – framtíðarsýn

Velferðartækni verði notuð í þjónustu við alla íbúa sem nota þjónustu innan málefnasviðs velferðarráðs, svo fremi það þjóni tilgangi og skili ávinningi.

### Markmið

Tilgangi og ávinningi með velferðartækni er náð þegar úrlausnin, skilar ávinningi með:

- Auknum lífsgæðum notenda.
- Bættu vinnuumhverfi fyrir starfsfólk.
- Bættri nýtingu auðlinda til að mæta mannfjöldapróuninni.

### Áherslusvið

Með þessari stefnu er áherslan í auknum mæli lögð á að nýta aðferðir og tæknilegar lausnir til að mæta þörfum notenda fyrir velferðarþjónustu. Stefnunni er ætlað að horfa sérstaklega til verkefna og þátta sem varða: **samskipti og félagslega þátttöku** (t.d. myndsamtöl og innlit, dagskipulag og upplýsingar), **flutning og hreyfigetu** (hjálparkæmi við daglegar athafnir, snjallari heimili), **heimavarnir og öryggismál** (fallskynjara, öryggishnappa og vöktun), **eftirlit og lífsgæði** (innlit og heimsóknir, þjálfun og eftirfylgd).

### Viðmið og mælikvarðar

- Lausnin getur bætt lífsgæði notandans og fjölskyldu hans
- Lausnin getur bætt vinnuumhverfi starfsmanna.
- Lausnin bætir nýtingu fjármuna og annarra bjarga.
- Lausnin skal koma í stað eða efla núverandi þjónustu eða íhlutun eða auka sjálfsbjörg þannig að þörf fyrir aðstoð minnki eða frestist.
- Leggja skal mat á virði og ávinning vegna tæknilausnarinnar fyrir notandann og fyrir þjónustukerfið.
- Lausnin þarf að opna á möguleika til að verða notuð víðar.

### Bjargir og framkvæmd

Á næstu fimm árum mun velferðarráð Akureyrarbæjar hafa árlega til úthlutunar eða ráðstöfunar fjárveitingu sem ætluð er til að hvetja til og stuðla að innleiðingu á velferðartækni í þjónustu á vegum Velferðarráðs.

Stjórnendur og starfsfólk mun leggja áherslu á að innleiða og nota velferðartækni í mati á þörf fyrir þjónustu og við endurmat á þjónustu sem þegar er í gangi. Tekið verði mið af áherslum sem endurspeglast í einkonar slagorði um að „nota tæknina í verkin og fólkið í samskiptin og tengslin“.

Aðgerðaáætlanir á grunni þessarar stefnu um velferðartækni skulu birtast sem hluti af starfsáætlunum sviða sem heyra undir velferðarráð.

Velferðarráð, stjórnendur og starfsfólk mun leggja sérstaka áherslu á að efla samstarf innan þjónustukerfis velferðarráðs og nýta almenna og sértæka styrkjamöguleika til að innleiða og nota velferðartækni við að efla virkni, þátttöku og lífsgæði íbúa.

Lagt fram í velferðarráði Akureyrarbæjar 7. ágúst 2019

Samþykkt í velferðarráði Akureyrarbæjar 21. ágúst 2019

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 3. september 2019